

Borgarbyggð

Drífa Gústafsdóttir
Digranesgata 2
310 Borgarnes

Sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 12.nóv. 2024

Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025 - 2037

Landvernd hefur kynnt sér vinnslutillögu um endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar.

Áður hefur Landvernd sent umsögn við matslýsingu við aðalskipulagið 18.sept. 2023, https://landvernd.is/wp-content/uploads/2024/11/Umsogn-Landverndar-endursk.-ASK-Borgarbyggd_LOKA18sept2023.pdf en þar er í stórum dráttum dregnar upp helstu áskoranir þá helst hvað varðar náttúruvernd og umhverfismál önnur, ásamt landnýtingarstefnu.

Fram kemur að tilgangur endurskoðunar er að laga skipulagið að breyttum forsendum, lögum, reglugerðum, áætlunum og stefnumörkun stjórnvalda svo hægt verði að takast á við þær áskoranir sem fyrir liggja. Við endurskoðunina verður mótuð stefna um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í sveitarfélaginu öllu.

Vinnslutillaga samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar

Fyrir liggur að langstærsta einstaka áskorunin í aðalskipulagi þessu er ákvörðun um landnýtingu í þágu vindorku. Um er að ræða mikla áskorun hvað varðar umhverfis- og náttúruvernd auk þess sem um verulega neikvæð samfélagsáhrif verða sem mikil andstaða er við meðal ýmissa hagaðila sbr. ferðaþjónustu og fl.

Á aðalsíðu skipulagsgáttar er vitnað til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar til auglýsingar aðalskipulagstillögu ásamt bókun fulltrúa Evu Margrétar Jónsdóttur þar sem einn þáttur endurskoðunar Aðalskipulags er tekin út úr en þar segir í bókun viðkomandi „*Það eru tveir þættir sem ég vil vekja athygli á varðandi takmarkanir vegna vindorku. Það er annars vegar viðmið um 300 metra hæð yfir sjávarmáli og hins vegar viðmið um 1 km fjarlægð frá byggð. Með þessu hæðarlínuviðmiði er verið að útiloka óþarflega stórt svæði sem gæti mögulega hentað vel til vindorkuframléiðslu í framtíðinni. Varðandi fjarlægðina frá byggð þá hefði ég vilja sjá rökstuðning fyrir viðmiðinu. Það væri nær að hafa reiknireglu eins og t.d. fjórföld hæð vindmyllu frá byggð eða eitthvað í þeim dúr. Ég tel fulla ástæðu til að kalla eftir ábendingum varðandi þetta á kynningartíma og endurskoða tillöguna í kjölfarið.*“

Vegna þessarar bókunar viðkomandi fulltrúa við afgreiðslu málsins vill Landvernd lýsa furðu á hversu einstakir fulltrúar sveitarfélagsins sem ættu að hafa kynnt sér áhrif vindorku vilja ganga langt gagnvart umhverfi og ekki síst nærsamfélagi. Í fyrsta lagi er 1.km vindorku af þeirri stærðargráðu sem um ræðir alltof nærri íbúðabyggð og það að leggja til að mæla hæð vindorkumannvirkja og hafa aðeins í fjórfaldri lengd þeirra fjarlægð frá byggð er tillaga sem bendir eindregið til þess að viðkomandi hafi ekki kynnt sér áhrif vindorku né nærveru við slík mannvirki.

Vindorka – íbúalýðræði

Eins og kjörnum fulltrúum sveitarstjórnar Borgarbyggðar er kunnugt liggja þegar fyrir umsóknir um tvö vindorkuver í Borgarbyggð – í Norðurárdal á Grjóthálsi annarsveggar og Hvammsmúla hinsveggar. Mikil umræða hefur átt sér stað meðal íbúa á áhrifasvæði þessara áformuðu vindorkuvera og ætti kjörnum fulltrúum í Borgarbyggð að vera ljóst að mikill meirihluti íbúa á áhrifasvæðinu er algerlega andsnúinn uppbyggingu þeirra. Það er ábyrgðarhluti af hálfu sveitarfélagsins að vanvirða íbúalýðræðið þar sem svo mikill meirihluti íbúa er andsnúinn. Landvernd hefur ekki farið varhluta af mótmælum fjölda íbúa á áhrifasvæðum þeirra áformuðu vindorkuvera sem um ræðir og hefur umtalsverð vinna farið í að greina stöðuna og styðja fjölmarga íbúa sem sveitarfélagið hefur kosið að sniðganga. Landvernd veitir því fyrir sér hvernig orðið íbúalýðræðið er raunverulega túlkað í sveitarfélaginu. Hvað þýðir það þegar mikill meirihluti er andvígur framkvæmdum ?

Samráð og sátt

Það er engin vafi að sú tillaga sem liggur fyrir í aðalskipulaginu er sett fram til að greiða götu þeirra erlendu vindorkufyrirtækja sem hafa sett sín áform fram á Grjóthálsi og Hvammsmúla. Sveitarfélagið virðist hinsveggar ekki treysta sér til að vitna til þessara fyrirtækja í aðalskipulaginu heldur skapar þeim hinsveggar svigrúm sem svo verður væntanlega á látið reyna í sérstöku skipulagsferli þ.e. með landnotkunarbreytingu í aðalskipulagi þegar vinnu við nýtt aðalskipulag lýkur. Meirihluti kjörinna fulltrúa í sveitarfélaginu kys því þrátt fyrir mikil mótmæli íbúana að láta vindorkufyrirtækin njóta vafans. Fulltrúar sveitarfélagsins vilja því í fullkomnu ósætti láta reyna á til fulls hvort hægt verði að kalla iðnaðaráform yfir íbúana sem munu hafa óafturkræf áhrif á umhverfi þeirra til framtíðar. Vert er að minna sveitarfélagið Borgarbyggð á að gefnu tilefni að Umhverfis-orku og loftslagsráðuneytið skipaði starfshóp um vindorku á Íslandi árið 2022 með nokkrar megináherslur sjá feitletrað hér undir.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/07/13/Starfshopur-um-nytingu-vindorku/> Eitt af meginviðfangsefnum þessa starfhóps með beinni skírskotun er **„að mikilvægt sé að breið sátt ríki um uppbyggingu vindorkuvera og tillit sé tekið til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru**

Á grunni þessa er mikilvægt að sveitarstjórn Borgarbyggðar svari því skýrt hvornig þeir hafi náð breiðri sátt við íbúa á áhrifasvæði áformaðra vindorkuvera. Hér er um grundvallarspurningu að ræða hvað varðar samráð og sátt ásamt íbúalýðræði, það er að vilja lúta meirihluta íbúa sem hafa þegar mótmælt vindorkuáformum á þeim svæðum í Borgarbyggð þar sem kjörnir fulltrúar ögra nú íbúum í stað þess að virða lýðræðið.

Um lýðræðislegan rétt íbúa til áhrifa

Í ljósi þess hvornig viðhorf íbúa hafa endurtekið verið sniðgengin í sveitarfélaginu vegna vindorkumála vill Landvernd minna á að Ísland hefur tekið upp ýmis ákvæði sem eru í samræmi við anda Árórsarsamningsins, til dæmis með lögum um umhverfisupplýsingar og aðkomu almennings að umhverfismálum. Tæpast verður séð af þeim tillögum sem liggja fyrir í aðalskipulaginu hvað varðar tillögu um nýtingu vindorku og ákvörðun landnotkun vegna þess að unnið hafi verið með eðlilegu samráði eða hvað þá heldur breiðri sátt að þessu langstærsta einstaka máli sem mun skapa fordæmi til langrar framtíðar verði skipulagið samþykkt í óbreyttri mynd.

Árórsarsamningurinn byggir á þremur meginstöðum:

1. Aðgangur að upplýsingum um umhverfið: Almenningsur á rétt á að fá aðgang að upplýsingum sem snúa að umhverfinu, bæði hjá opinberum aðilum og öðrum sem vinna með umhverfisgögn. Þetta á að tryggja upplýstar ákvarðanir og vitund um umhverfismál.
2. Réttur til þátttöku í ákvörðunum er varða umhverfið: Almenningsur á rétt á að taka þátt í ákvarðanatökuferli sem varðar umhverfismál, til dæmis við gerð áætlana, framkvæmda og laga.
3. Réttur til aðgangs að réttlátri málsmeðferð: Borgarar eiga að geta leitað réttar síns ef þeir telja að brotið hafi verið gegn réttindum þeirra samkvæmt samningnum, til dæmis þegar það kemur að aðgangi að upplýsingum eða ákvörðunum sem hafa áhrif á umhverfið.

Mikilvægi umhverfisréttar og alþjóðasamninga

Árórsarsamningurinn hefur mikil áhrif á lýðræðislega aðkomu og gagnsæi í umhverfismálum. Með honum er reynt að tryggja að almenningsur og umhverfisverndarsamtök hafi raunverulegt tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta náttúruna og lífsgæði. Þetta stuðlar að ábyrgari ákvarðanatöku og eflir aðhald gagnvart yfirvöldum og fyrirtækjum. Hér eru tiltekin viðmið Árórsarsamningsins sem Ísland hefur innleitt og er þess farið á leit að kjörnir fulltrúar í Borgarbyggð virði amk þau ákvæði sem við eiga, þrátt sem fyrir að enn hafi Árórsarsamningurinn ekki verið innleiddur í heild sinni. Í íslenskum rétti eru sannarlega ákvæði um rétt almennings til upplýsinga og þátttöku í umhverfismálum, sem eru í anda Árórsarsamningsins.

Til dæmis tryggir íslensk löggjöf ákveðinn rétt almennings til aðgangs að umhverfisupplýsingum og koma að athugasemdum í ákvörðunum sem snerta umhverfið t.d. við umhverfismat áætlana og framkvæmda sem á sér fyrirmynd í alþjóðlegum samningum eins og Árórsarsamningnum. Umgengni kjörinna fulltrúa í Borgarbyggð við íbúalýðræðið er því ekki til vitnis um að það hafi verið litið til afstöðu stærstu hagaðilana í þessari mestu einstöku áskorun í umhverfismálum sem sveitarfélagið hefur nokkru sinni staðið frammi fyrir. Íbúarnir eru með tillöggunni aukaatriði og sérhagsmunir eru látnir njóta forgangs.

Af hverju ekki vindorka í Borgarbyggð

Ástæða mótmæla íbúa við vindorku á áhrifasvæði áformaðrar vindorku í Borgarbyggð eru ekki tilviljun. Ástæðurnar eru fjölmargar og tengjast umhverfi og náttúru og mannlífi. Það er því ekki bara fráleit nálgun sveitarfélagsins að leggja til skilmála um vindorku t.d. 1 km fjarlægð frá íbúðabyggð því áhrifin af risavindorkuverum sem rísa munu í allt að 200 m hæð eða herra geta valdið truflun á ásýnd í allt að 40 km fjarlægð, hávaða í margra km fjarlægð eftir staðháttum og svo með blikkljósum í gríðarlega mikilli fjarlægð. Þá þarf ekki að fara mörgum orðum um þær ógnir sem fuglalífi og öðru dýralífi stafar af vindorku, það er þekkt stærð. Norðurárdalur myndar órjúfanlega landslagsheild sem er einstæð, auk þess sem hin vinsæla laxveiðiá bugðast niður dalinn. Svæðið hefur því mikið upplifunargildi út frá náttúrufari og umhverfi. Síðast en ekki síst munu áformuð vindorkuver ræna íbúa og gesti friði þar sem um slíka ásýndarmengun yrði að ræða að ekki verður aftur tekið fyrir utan óafturkræft rask á jarðlægum verðmætum sbr. vistgerðum og votlendi. Norðurárdalur skartar ekki bara votlendum og líffræðilega fjölbreyttum heiðarlendum heldur einnig einkennisfjallinu Baulu og svo Grábrók sem er friðlýst náttúruvirkibrigði. Ljóst er að nálægð áformaðra vindorkuvera og eða annarra sem mögulega kæmu til greina innan þeirra marka sem sveitarfélagið hefur sett í skipulagið mun valda slíkum skaða að án vafa mun það valda stórtjóni til framtíðar bæði á náttúru og öllu samfélagi. Einstæðar landslagsheildir munu því verða rofnar með þeim tillögum að mörkum fyrir vindorku sem sveitarfélagið hefur gert að tillögu sinni.

Landvernd leggur til að sveitarfélagið þurki út allar tillögur um vindorkusvæði í aðalskipulaginu og heimili ekki vindorku á svæðinu vegna margháttadra skaðlegra umhverfisáhrifa.

Hvergi liggur fyrir hvar viðkomandi vindorkuver eigi að fá jafnvægisorku til að geta rekið sig. Meðan ekkert liggur fyrir um tryggða jafnvægisorku þá hefur það engan tilgang að marka svæði fyrir vindorku því hún getur ekki starfað sjálfstætt án vatnsafls og skýrt er að vindorkufyrirtækin hafa enga samninga fengið um afhendingu vatnsafls. Verðmæti Borgarbyggðar eru fyrst og síðast falin í umhverfi og náttúru svæðisins og hófstílltri umgengni og umferðarstýringu um landið svo halda megj áfram þeim einstæðu sérkennum sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Vindorkuver með gríðarlega neikvæðum áhrifum munu þurka út sérstöðu Borgarbyggðar sem náttúruparadísar.

Landbúnaðarsvæði

Í þessum málaflokki er mikilvægt að loftslagsmálin séu skrifuð inn enda landbúnaður sem landnýting stór áhrifavaldur sem á hins vegar mikil sóknarfæri tengd framleiðslu til að vinna á móti neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Skjótvirkasta aðferðin til að draga úr losun er að kortleggja svæði með framræstu landi í sveitarfélaginu sem ekki er verið að nýta í atvinnuskyni sem landbúnaðarland. Á slíkum svæðum verður því að bregðast við á ábyrgan hátt með endurheimt votlendis og stuðla þannig að samdrætti í losun ”Að unnið verði að endurheimt votlendis til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við [loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og stefnu íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og jafnframt til að ná Aichi markmiðum um aukna verndun líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt raskaðra vistkerfa og bættu þjónustu vistkerfa. Sett verði markmið og fjármagni veitt til framkvæmda og rannsókna.”](#)

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF_skrar/sk160307_endurheimt_votlendis.pdf

Landnýting – flokkun lands

Áréttá skal mikilvægi þess að fyrirbyggjandi skipulag taki í ríkara mæli tillit til náttúruverndar. Áform um meðferð verndarsvæða innan sveitarfélagsins er uenn mjög óljós og er sveitarfélagið eindregið hvatt til að nýta sér þau fjölmörgu svæði sem Borgarbyggð hefur á að skipa sem eru til þess fallin að vernda.

Flokkun lands með vernd í huga styður við sérstöðu, fjölbreytni, atvinnulíf og styrkingu innviða sveitarfélaga og er efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða oft stórlega vanmetinn. Mikil aukning hefur átt sér stað við margvíslega uppbyggingu í dreifbýli og áframhaldandi eftirspurn er til staðar og skal þá minna t.d. á að áhrif verði metin til dæmis samhliða síaukinni eftirspurn eftir stökum sumarhúsum og umfangsmeiri sumarhúsasvæðum, m.a. að þeim verði ekki dreift of víða. Þá er vegna ferðamennsku aukin ásókn í byggingu á stærrri mannvirkjum í dreifbýli, hótél o.s.frv. sem þarf að veita og meta hvort eigi heima inn á lítt röskuðum svæðum sem gæta þarf fyllstu varúðarsjónarmiða gagnvart umhverfi og náttúru. Sveitarfélög í landinu þurfa almennt að meta aukið álag sem fylgir vaxandi ferðamennsku inn á viðkvæmum svæðum og þá við endurskoðun aðalskipulags að flokka land með tilliti til þess. Borgarbyggð er því hvatt til að marka enn betur en í tillögum stefnu í þessum efnum með það að markmiði að vernda og friðlýsa svæði sem til þess eru fallin með ábyrgri stjórnunar og verndaráætlunum svo mæta megj auknu álagi vegna ferðamennsku. Borgarbyggð á sérstaklega mikil sóknarfæri við flokkun lands í þessum efnum.

Landvernd leggur því áherslu á að sveitarfélagið marki skýrari stefnu og hafni landnotkunarbreytingum sem ganga gegn sjálfbærnimarkmiðum með ágengni á lítt eða ósnortin vistkerfi með því að færa landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði yfir í mengandi iðnaðarsvæði. Það að breyta landnotkun frá landbúnaðar- og eða óbyggðum svæðum í stórtæk iðnaðarsvæði á borð við vindorkuver í sveitarfélaginu er ógn við margfalt ríkari og verðmætari hagsmuni innan svæðisins sem sveitarfélagið á allt undir að fá að blómstra. Ljóst er að vindorkuver breyta ekki bara upplifun og ásýnd á nærsvæði heldur hafa þau afgerandi neikvæð áhrif á stærra landslagsheildir og víðerni. Hægt væri að vísa til margvíslegra neikvæðra umhverfisþátta hvað þetta varðar m.a. með tilliti til reynslu frá Noregi þar sem óafturkræf náttúruspjöll með neikvæðum umhverfis- og samfélaglegum áhrifum hafa átt sér stað m.a. á áður friðsælum heiðarlöndum og svæðum sem líkja má við aðstæður í Borgarbyggð. Heiðarlendur Borgarbyggðar geyma fjölbreytt og viðkvæm vistkerfi sem verða fyrir varanlegum skaða ef gert yrði ráð fyrir að flokkun lands í þágu iðnaðarsvæða fyrir vindorkuver. Við endurskoðun hefur sveitarfélaginu Borgarbyggð mistekist í fyrirbyggjandi tillögum sínum að taka vel ígrundaðar ákvarðanir sem eru samfélagi og náttúru fyrir bestu. Mikilvægt er að hafa í huga að ferðapjónustan sem sveitarfélagið á mikið undir að blómstri áfram myndi verða fyrir víðtækum neikvæðum áhrifum ef vindorkuver myndu rísa. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að hlúa vel að þeim landgæðum og fjölbreyttu vistkerfum sem þegar eru til staðar og haga flokkun lands í skipulagi samkvæmt þeirri staðreynd. Landvernd vill varðandi landnýtingu eindregið vara við þeirri nútíma skógræktarstefnu sem hefur tekið stökkbreytingum til hins verra á allra á síðustu árum með mikilli plöntun á framandi tegundum sem skaða líffræðilega fjölbreytni og sá sér yfir svæði sem ná langt út fyrir þau mörk sem þeim var ætlað. Skógrækt og aðferðarfræði sem beitt hefur verið við skógrækt í allt of

miklum mæli hefur gengið á mólendi og líffræðilega fjölbreytni og fyrst og síðast þarf að koma í veg fyrir að frjósamt land verði tekið undir skógrækt. Skógrækt með íslenskum trjátegundum ætti hinsvegar að auka á svæðum sem eru rýr að landgæðum.

Atvinnulíf

Undir þessum lið leggur sveitarfélagið áherslu á bæði fjölbreytni og fjölgun starfa sem byggja eiga á sérstöðu svæðisins. Engum vafa er undirorpið að verði af byggingu vindorkuvera sem og víðast hvar sem þeim er ætlaður staður verður það á kostnað sérstöðunnar. Það verða heldur engin skapandi eða fjölbreytt framtíðarstörf í boði samhliða byggingu vindorkuvera. Rannsóknir í ferðaþjónustu hér á landi hafa leitt í ljós að viðhorf þjónustuaðila eru fyrst og fremst neikvæð gagnvart vindorku. Meðal almennings í Evrópu eru skiptar skoðanir á vindorkuverum en andstaða fer vaxandi á svæðum þar sem þau eru til staðar og þá helst vegna sjónrænna áhrifa. Mikilvægt er að hafa slíkt í huga þar sem landslag er sérstætt eins og hér á Íslandi. Áhugi sveitarfélagsins að styðja við nýtingu auðlinda á borð við laxveiði í þeim ám í Borgarfirði sem hafa upp á slíkt að bjóða skiptir máli að mati kjörinna fulltrúa en bæði landeigendur laxveiðihlunninda sem og veiðimenn við árnar hafa harðlega mótmælt uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélaginu sbr. á Grjóthálsi.

Flutningskerfi raforku

Hvað varðar Holtavörðulínu er sérstök ástæða sem fyrir að áréttu samráð verði haft við íbúana sjálfa og þá sérstaklega, landeigendur og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Á grunni þess að um er að ræða aðalskipulag, stefnu sveitarfélagsins og þar með íbúa þess og yfirlýstan vilja sveitarfélagsins í lýsingu á samráði við íbúana við gerð skipulagsins, þá er það algjör forsenda að þegar um svo stórt hagsmunamál er að ræða að hafa náðið samráð við þá sem næst standa og við náttúruverndarsamtök. Sveitarfélagið getur ekki valið að eiga einvörðungu þröngt samráð við útvalda hagsmunaaðila í svo stóru máli. Þá er það einnig sveitarfélagsins að gæta að því að raflínumöstur verði ekki lögð um verðmæt náttúrusvæði og skoðað hvort koma megi línu í jörðu á allra viðkvæmustu svæðum.

Vatnsveita

Landvernd leggur áherslu á mikilvægi vatns og heilbrigðra vatnshlota leggur ríka áherslu á að sveitarfélagið láti meta mikilvæg vatnshlot með tilliti til vatnsverndar og heilbrigðis grunnvatns fyrir íbúa sem og lífríki.

Ferðaþjónusta

Landvernd hvetur Borgarbyggð til að skerða ekki þau gæði sem er að finna í náttúru og umhverfi sveitarfélagsins með ferðaþjónustutengdum framkvæmdum á kostnað viðkvæmrar náttúru. Stefna um verslunar- og þjónustusvæði vegna afþreyingar á ferðamannasvæðum skulu því taka mið af þeim náttúrugæðum sem sveitarfélagið hefur að geyma og því er mikilvægt að náttúra og umhverfi njóti vafans þegar kemur að slíkum framkvæmdum eins og öðrum. Þá er rétt að hafa í huga að uppbygging vindorkuvera í nálægð getur haft mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustu enda hafa samtök ferðaþjónstu SAF varað við slíku.

Vegir

Landvernd styður við úrbætur og viðhald á vegum innan sveitarfélagsins sem þegar hafa verið lagðir. Aftur á móti kemur fram að unnið sé að undirbúningi á færslu hringvegarins á kafla austan við þéttbýlið í Borgarnesi. Hér er um stórtækt inngrip í skipulag svæðisins að ræða þar sem mörgum spurningum er ósvarað. Landvernd hvetur sveitarfélagið eindregið til að taka þetta afmarkaða en mjög svo stóra verkefni og ígrunda það betur. Eins og vinnslutillaga að nýju vegstæði liggur fyrir þá krefst hún mun meira samtals og samráðs við íbúa og hagsmunaaðila sem verða fyrir neikvæðum áhrifum ef af fyrirbyggjandi framkvæmd verður. Færsla á veginum út á lífríkar leirur er eitt – ásýndaráhrif og gríðarlegt rask á lífríkum leirum og efnisflutningar sem þarf til að koma er svo annað. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að taka umfjöllun um nýja veglínu upp að nýju með tilliti til þess hve gríðarlega stór áhrifaþáttur er um að ræða á framtíðarþróun skipulags og byggðar í sveitarfélaginu. Þá hafa íbúar og ferðaþjónustuaðilar sömuleiðis mótmælt út frá raski og truflun vegna starfsemi og staðsetningu veglínu.

Göngu- hjóla og reiðleiðir – heilsueflandi samfélag

Landvernd vill lýsa sérstakri ánægju með þau markmið sem koma fram í tillögunni þar sem ætlun er að vinna með heilsueflandi samfélag. Borgarbyggð á þar sannarlega mikil tækifæri sem mikilvægt er að vinna mjög sterkt með. Stefna um heilsueflandi ferðamáta er einn af hornsteinum þess að styðja við lýðheilsu markmið og markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að horfa til þeirra gæða sem er að finna bæði í þéttbýli og dreifbýli þar sem útivistarsvæði er að finna sem eru til þess fallinn að auka á útivist og hreyfingu og skapa um leið aðstæður samgöngulega þar sem heilbrigður ferðamáti bæði innan svæða og á milli svæða fái aukna athygli. Rannsóknir hafa endurtekið sýnt að fátt eða ekkert kemur í stað hollrar hreyfingar og upplifunar í náttúrulegu umhverfi, allir heilbrigðisvísar mæla með að sveitarfélög hugi mun betur að þessum þáttum en gert hefur verið með það fyrir augum að bæta bæði andlega og líkamlegt atgervi íbúa og um leið spara kostnað sem fellur að öðrum kosti af meiri þunga á heilbrigðisstofnanir. Því skal áréttað að bætt lýðheilsa og náttúruverndarsvæði hafa mikil og jákvæð samlegðaráhrif.

Náttúruvernd

Landvernd saknar þess að gert sé nánar grein fyrir friðlýstum svæðum í vinnslutillögu og þau sýnd á skipulagsuppdrætti nánar með greinargóðri lýsingu ásamt endurskoðun á friðlýsingarskilmálum með það fyrir augum að stækka og vernda frekar viðkomandi svæði. Sveitarfélagið er víðfeðmt og mörg svæði til staðar sem sveitarfélagið er hvatt til að rýna með tilliti til friðlýsinga en slík vinna hefur ekki átt sér stað við gerð þessarar tillögu sem Landvernd hafði hvatt til í matslýsingu. Mikilvægt er að horfa til þeirra svæða sem þegar eru skilgreind á náttúruminjaskrá svo og á b hluta náttúruminjaskrár sem grunn að frekari friðlýsingum svæða. Slíkar ákvarðanir styðja við loftslagsmál og náttúrulega fjölbreytni vistkerfa í sveitarfélaginu. Hjálaga er náttúruminjaskrá fyrir sveitarfélagið til hliðsjónar frekari vernd og eða friðlýsingum.

208. Surtshellir og Stefánshellir í Hallmundarhrauni, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. (1) Hellarnir og hraunið næst þeim, í landi Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.

209. Arnarvatnsheiði og Tvídægja (401), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægju. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í tind Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannastrandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Norðlingafljóts, Hrutafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalárs. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

210. Grábrókarhraun og Hreðavatn, Borgarbyggð (áður Norðurárdalsh. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Primilsdal.

211. Ferjubakkafloi og Ystatunga, Borgarbyggð (áður Stafholtstungnahr.), Borgarhreppi, Mýrasýslu. (1) Ferjubakkafloi við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystatungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður Þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, að austan Norðurá og Hvítá. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.

212. Utanverður Borgarfjörður, Álfianeshreppi, Borgarbyggð (áður Borgarneshr.) Borgarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu.

(1) Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álfianesi á Mýrum. (2) Víðáttumikið grunnsævissvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.

213. Hjörsey og Straumfjörður, Álfianeshreppi, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Mýrasýslu. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi.

(2) Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

214. Löngufjörur, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahr. og Miklaholtshr.), Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.<https://natturuminjaskra.ni.is/index.html?extent=348316.3508%2C499068.2457%2C424582.6492%2C555490.7543%2C>

Lífríki

Sveitarfélagið hefur að geyma fjölbreytt vistkerfi.

Ísland er aðili að heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna <https://www.heimsmarkmidin.is/> og ber sveitarfélögum sem og öðrum opinberum aðilum sérstaklega að horfa til þeirra markmiða sem þar eru sett fram. Meginstefið sem þar er að finna er vernd og endurheimt. Jafnframt að stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi og sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun og stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði ásamt því sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

Ísland er einnig aðili að Kunming-Montréal⁶ samningi COP 15 um líffræðilega fjölbreytni <https://biodice.is/> Sveitarfélagið Borgarbyggð býr að lífríkum heiðarlendum og þeim má ekki fórna á sama tíma og ákall frá nýafstaðinni COP 15 ráðstefnu um líffræðilega fjölbreytni liggur fyrir. Slíkar fórnir ganga þvert gegn alþjóðaskuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist þar sem ákallið er vernd og endurheimt vistkerfa jarðar hefur aldrei vegið þyngra. Fram kemur í heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna sbr. undirmarkmið líf á landi "Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra."

Búsvæði

Mikilvæg búsvæði er að finna í sveitarfélaginu. Á Arnarvatnsheiði eru mýrar, flóar og fjöldi vatna og tjarna. Þar er mikið fuglalíf og svæðið alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima og álfar.

Sjófugla- byggð, nær yfir grunnsævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur. Þar er einnig að finna selalátur. Í Borgarbyggð eru 12 laxveiðiár. Í Borgarbyggð er að finna vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Þessar vistgerðir eru mikilvægar einnig fyrir fugla og eru skilgreindar með hátt eða mjög hátt verndargildi. Birkiskógar og birkikjarr eru víða með verndargildi. Með ströndinni er víða að finna leirur og votlendi. Þá er Andakíll, Hvanneyri, friðlýst skv. augl. í Stjórnartíðindum B, nr. 364/2002 sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi. Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri.

Hverfisvernd

Í matslýsingu átti að endurskoða allmörg svæði í Borgarbyggð sem eru undir hverfisvernd í gildandi skipulagi, ýmist vegna útivistargildis, náttúruvafars, menningarminja og að hverfisvernd, m.a. út frá áherslum sveitarfélags og stefnu um friðun náttúru- og menningarminja. Dæmi um upplýsingar sem átti að taka til endurskoðunar um stefnu um hverfisvernduð svæði voru t.d. svæði á náttúruminjaskrá, jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd mynd 11 og vistgerðir sem njóta verndar ásamt ræktuðu skóglendi. Þau náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru t.d. eldvörp, eldhraun, gervigígar, hraunhellar, fossar, hverir og heitar uppsprettur ásamt lífríki sem þeim tengist. Landvernd lýsir vonbrigðum með tillögur um endurskoðun en fátt er lagt til sem mun hafa merkjanleg áhrif því ekki virðist eiga að stefna að því að vinna nánar með hluta náttúruminjaskrár til að styrkja verndarsvæði sem þegar hafa verið tilnefnd. Óljóst er því hver stefna sveitarfélagsins er í stórum dráttum.

Minjavernd og minjaskráning

Landvernd vill vekja athygli á ákveðin tækifæri og samlegðaráhrif með náttúru- og minjavernd og því er mikilvægt að horfa samþætt og vinna með þessa aðskildu málaflokka inn á verndarsvæðum. Auka má upplifunargildi verndar og eða friðlýstra svæða mikið með því að draga fram hvorutveggja í senn náttúru- og menningarminjar og til þess þarf að standa vel að skráningum á menningarminjum sem er

víðast hvar mjög ábótavant Landvernd hvetur því sveitarfélagið til að draga fram og styrkja sérstöðu svæðisins með því að setja fram stefnu um skráningu menningarminja jafnhliða nánari greiningu á náttúruminum sem svæðið hefur að geyma, það er líkast til engin betri leið fyrir sveitarfélag að draga einmitt fram sérstöðu sína sem er eitt af meginmarkmiðunum eins og að leggja fram metnaðarfulla stefnu um áttak í að efla og auka náttúru- og menningarminjar.

Vötn og strandsjór

Í vinnslutillögu þarf að gera betur grein fyrir verndun og heilbrigði vatnshlota. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna Landvernd vill í þessu sambandi áréttá mikilvægi þeirra leiðbeininga sem er að finna í heimsmarkmiðunum sem Ísland hefur skuldbundið sig meðal annars ákvæði í undirmarkmiðum um "Líf í vatni" en þar getur meðal annars á að líta eftirfarandi.

14.1. Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skadleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.

14.5 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að vernda a.m.k. 10% af strandlengjum og hafsvæðum heimsins í samræmi við landslög og alþjóðalög, að teknu tilliti til bestu tiltæku, vísindalegu upplýsinga.

Þá ber sérstaklega að hafa í huga að í Borgarbyggð er fjöldi vinsælla veiðisvæða meðal annars nefna þekktar laxveiðiár s.s. Haffjarðará, Langá og Norðurá og mikil veiðivötn s.s. á Arnarvatnsheiði.

Ein af alþjóðaskuldbindingum Íslands er að vernda 30% af hafsvæði efnahagslögu Íslands og þá helst mikilvægt lífríki og óraskaður hafsbótinn sem er grunnur að því að vernda og viðhalda byggja upp.

Vatnsból og vatnsvernd

Landvernd vill hvetja sveitarfélagið til að vinna sérstaka úttekt á stöðu vatns- og vatnshlota með tilliti til heilnæms vatns fyrir fólk og dýrahald auk þess er vatnsvernd einn af grunnþáttum þess að styðja við og endurheimta eftir atvikum líffræðilega fjölbreytni.

Hálendið

Víðfeðm hálendisvæði sem liggja ofan byggðar. Landvernd vill hvetja sveitarfélagið til að huga að þeim náttúrugæðum sem hálendur Borgarbyggðar skarta og vanmeta hvorki vistkerfi eða víðerni sem þau hafa að geyma. Mikilvægt er jafnframt að stefna um landbúnað, afrétti og eða svonefndur beitarréttur sé ástundaður með sjálfbærum hætti og beitarsvæði séu vöktuð með tilliti til mögulegrar ofbeitar og eða ágangs á fágætar vistgerðir.

Þjóðlendur

Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda.

Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðuneytið hefur vakið athygli á í umsögn sem Landvernd tekur undir "á skálar- og þjónustusvæði í þjóðlendum sem sveitarfélagið hyggst afmarka og stofna lódir utan um verður hlutaðeigandi sveitarfélag að auglýsa. Þjóðlendur eru landsvæði í eigu ríkisins, með takmörkuð gæði og auðlindir. Þeim ber ekki að úthluta til annarra aðila án auglýsingar. Auglýst er eftir hæfasta aðila (þannig að allir hafi jafnan rétt á að sækja um skv. meginreglum stjórnarsýsluréttar sbr. stjórnarsýslulög)."

Stóraukinn ásókn umsvifamikilla fjárfesta í framkvæmdir við jaðar þjóðlendna og inni á þeim hefur raungerst samhliða fjölgun ferðamanna. Sveitarfélög í landinu eiga ekki að geta gengið um eða ráðstafað landi innan þjóðlendna á kostnað almennings.

Að sama skapi tekur Landvernd undir með forsætisráðuneytinu að ráðuneytið veitir sömuleiðis leyfi eða hafnar eftir atvikum "fyrir nýtingu á vatns- og jarðhitaréttindum sem og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd."

"Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga."

Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd."

Landvernd tekur einnig undir umsögn ráðuneytisins um "mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni og að á miðhálendinu sé uppbygging ferðamannaástöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálendisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu."

Þar sem slíkt er ekki mögulegt sé þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli þá einvörðungu í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir.” Landvernd vill árétta að þrátt fyrir að sveitarfélagamörk séu í tilfellum dregin inn á þjóðlendur þá er það á engan hátt ígildi þess að sveitarfélög geti ráðstafað eða gengið á hlut þjóðarinnar á grunni skipulagsvalds á þeim lendum. Í of mörgum tilfellum hafa því miður átt sér stað samningar innan þjóðlendna þar sem auðlindum í einni eða annarri mynd hefur verið ráðstafað þar sem jafnræðis hefur ekki verið gætt. Úthlutun hverskyns rannsóknarleyfa og umsókna vegna nýtingar á orkuauðlindinni ætti meðal annars að lúta jafnræðissjónarmiðum í stað þess að lögmálið fyrstur kemur fyrstur fær festi sig í sessi.

Víðerni

Fram kom við matslýsingu eftirfarandi árið 2023 „*Opinber kortlagning víðerna liggur ekki fyrir en í lög- um um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023.*” Fyrir liggur að ný kortlagning hefur ekki ennþá verið gerð. Landvernd leggur því ríka áherslu á að sveitarfélög aðhafist ekkert hvað varðar áform um skipulag fyrir vindorkuver eða önnur stærri mannvirkjagerð verði skilgreind meðan ekki liggja fyrir nýjar víðernisskilgreiningar. Ljóst er að áform um vindorkuver kalla á endurskoðun á víðerniskortlagningu ef ætlun er að reisa slíkan orkuiðnað hér á landi. Ljóst er að sjónrænna áhrifa vindorkuvera frá 160 - 250 m hæð og mögulega hærrí í framtíðinni er gríðarleg áskorun þegar kemur að náttúru landsins. Fullyrða má að engin mannvirki munu ógna ásýnd með jafn neikvæðum hætti gagnvart okkar fjölbreyttu órofa landslagsheildum og víðernum. Bygging vindorkuvera í Borgarbyggð á þeim svæðum sem áform hafa verið uppi myndu með öllu eyða jákvæðri víðernisupplifun og sérstöðu viðkomandi svæða. Landvernd hvetur því viðkomandi sveitarfélög til að þrýsta á stjórnvöld klára þá vinnu sem þarf við nýjar víðernisskilgreiningar en augljóst er að hin gömlu viðmið um 5 km radíus ganga ekki upp þegar vindorkuver eru annarsveggar þar sem ásýndarlíkon sem gerð eru gerð í dag taka til allt að 45 km radíus samkvæmt stöðlum. Kortlagning vegna vindorku fyrir sveitarfélagið Múlaping sem unnið var í tilraunaskyni af verkfræðistofunni EFLU sem vitnað hefur verið til á ýmsum vettvangi, gefur ekki raunhæfa mynd af þeirri áskorun sem uppi er. Hér er einfaldlega of mikið og of stórt mál í húfi til þess að einkafyrirtæki á markaði sem vinnur að auki fyrir vindorkugeirann vinni að verkefni sem ætti að vera á höndum sérfræðinga sem hafa þekkingu og reynslu af slíkum málum. Skírskotanir til erlendra viðmiða í EFLU skýrslu um kortlagningu vindorku í þessum efnum standast ekki. Það verður að vinna víðerniskortlagningu út frá sérstöðu og landslags sérkennum Íslands sem eiga sér enga hliðstæðu.

Samráðs- og umsagnaraðilar

Landvernd hvetur sveitarfélagið til að vísa tillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi til náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins til sérstakrar umfjöllunar og hún gefi sérstakt álit á þeim þáttum í vinnslutillögum þessum sem sannarlega heyra undir nefndina lögum samkvæmt. Minna skal á að sveitarfélögum ber skylda að skipa náttúruverndarnefndir⁹ sem vinna á grunni laga um náttúruvernd og ekki bara að skipa þær heldur virkja þær sömuleiðis. Mikilvægt er því að náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins fái sýnilega aðkomu að þessari vinnslutillögu Aðalskipulags meðal annars í því ljósi að nefndinni er meðal annars ætlað að vinna að tilnefningu á friðlýstum svæðum sem eru til þess fallin.

Að lokum

Fyrir liggur að sveitarfélagið Borgarbyggð stendur frammi fyrir áskoronum ekki síst hvað varðar stefnu um landnýtingu vegna vindorku. Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu með náttúrunni og samfélaginu fremur en hagsmunum erlendra vindorkufyrirtækja. Um leið óskar Landvernd Borgarbyggð velfarnaðar við áframhaldandi vinnslu aðalskipulagsins og vonar að tillit verði tekið til ábendinga og athugasemda sem fram koma í umsögn þessari.

*Með vinsemd og virðingu
f.h. stjórnar Landverndar*

Björg Eva Erlendsdóttir
framkvæmdastjóri

